



Fjölbrautaskóli  
Suðurlands  
Haustönn 2019

## HÖTE2HU05 Hugmyndavinna og textíll

<b>Kennari:</b>	<b>Guðbjörg Bergsveinsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>GB</b>
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum hugmyndavinnu og helstu tækni og aðferðum í tengslum við vinnu með textíl. Hann vinnur eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar. Hver nemandi kynnir verkefni sín og þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefni og að nemendur læri hver af öðrum.

**Undanfari:** Enginn

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- sambandi milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- litum, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
- hvernig náttúran og eigin menning er uppspretta hugmynda við eigin vinnu og hönnuða almennt
- heildar hönnunarferlinu

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- tileinka sé nýjungar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
- nota mismunandi litasamsetningar

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- þróa hugmynd eftir markvissu þróunarferli
- setja fram hugmynd munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- nýta sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
- rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

## Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af alneti.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	20.ágúst	Kynning og skipulag Hönnunarferli hefst	Vinumöppugerð 1 Hönnunarverkefni 2
2 - 12	26.ágú-4.nóv	Skissuteikning og tillaga að hönnun 1	Skil 3
10 - 14	28.okt-29.nóv	Móta í pappír (sníðagerð) Prufu flík/hlutur Mátun og framleiðsla á lokaverkefni	Skil 4 Skil 5 Skil 6

## Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Samvinna um vinnu í forgangshóp og sjálfstæðishóp
4. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
5. Efnisgjald, kr. 7.000 skal greiðast á skrifstofu skólans sem fyrst. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum af textíllager og afnot af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu. hefur yfir að ráða.

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun prufuhlutur og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing, fullunnin flík/hlutur, frágangur og markaðssetning (þátttaka í sýningu í annarlok).	100%

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar**